

"Hlustaðu á þína innri rödd" - Kvannaframboð í Reykjavík og Kvannalisti 1982-1987

Bókarhöfundur: Kristín Jónsdóttir

Bókarheiti: „Hlustaðu á þína innri rödd“ - Kvannaframboð í Reykjavík og Kvannalisti 1982-1987

Gagnrýnandi: Þorgerður Einarisdóttir

Útgáfa: Sögufélag, Reykjavík 2007, 294 bls.

KOMMAKERLINGAR EÐA BORGARALEGAR KONUR UNDIR FORYSTU „KVANNAMENNINGARPOSTULA“?

Sérstök kvannaframboð eru ekki séríslensk leið í stjórnmálum en saga íslensku kvannaframboðanna er sérstök að því leyti að hún er yfirgrípsmeiri og árangursríkari en í flestum öðrum löndum. Með bókinni „Hlustaðu á þína innri rödd“ um Kvannaframboð í Reykjavík og Kvannalista 1982-1987 hefur mikilvægur hluti íslenskrar stjórnmálasögu verið settur á blað. Sú saga fjallar ekki bara framboðshreyfingu kvenna, hún fjallar um pólitíska hugmyndafræði og aðferðir, vinnubrögð, grundvallarhugmyndir um lýðræði og pólitískt siðferði. Móttökur samfélagsins, flokkanna og fjölmíðlanna segja merkilega sögu um íslensk stjórnmál, hvað taldist „alvörupólitík“ og hvað ekki. Allt framangreint verðskuldar sérstaka umfjöllun en hér verður einungis stiklað á stóru.

Bókin byggist á umfangsmikilli og vandaðri rannsóknarvinnu og er afar vel skrifuð. Höfundur ritar um atburði sem hún tók sjálf þátt í og gerir heiðarlega grein fyrir þeirri stöðu sinni. Bókin er vitnisburður um samtakamátt kvenna og tilraunir, eldmóð og baráttu, en einnig „saga mikilla átaka, saga sigra og ósigra, saga gleði og vonbrigða“ eins og segir í aðfaraorðum (bls. 9). Hugtakið „þriðja víddin“ í íslenskum stjórnmálum fær merkingu strax í upphafi þar sem gerð er grein fyrir tilurð Kvannaframboðsins í Reykjavík 1982. Hluti af því voru vonbrigði kvenna með aðgerðaleyfi vinstri meirihlutans í Reykjavík 1978-1982, sem ekki lagði meiri áherslu á velferðar-, skóla- og dagvistarmál en Sjálfstæðisflokkurinn hafði gert í áratugi. Þessir atburðir, eins og aðrir sem fjallað er um, eru vel settir í sögulegt og hugmyndalegt samhengi.

Viðbrögðin við framboðinu eru sérlega áhugaverð og flokkarnir kepptust við að sverja konurnar af sér. Hægri öflin tengdu þær við vinstri flokkana og töldu þær „kommakerlingar“, vinstri menn héldu hinu gagnstæða fram og frá róttækum konum heyrðist að þetta væru „borgaralegar konur undir forystu kvannamenningarpostula“ (bls. 38). Sumir flokkar mættu þeim með opinni andstöðu, einkum Alþýðubandalagið, meðan Sjálfstæðisflokkurinn gaf þá línu að kvannaframboðið ætti að „ignorera eftir því sem kostur er“ (bls. 90). Umfjöllun um skráningartilburði Sjálfstæðisflokks á konunum er forvitnileg (kafli 4), ekki síst fyrir það að þar eru áhugaverðar upplýsingar um hvernig Sjálfstæðisflokknum tókst á ögurstundu að „búa til“ innvígðan og innmúraðan leiðtoga úr hinum unga stjórnmálamanni, Davíð Oddssyni, sem leiddi flokkinn til glæsilegs sigurs í Reykjavík vorið 1982. Að vísu öfundsverður árangur, en kannski gæfa íslenskra stjórnmála – þrátt fyrir allt – að aðrir flokkar hafa ekki reynt að leika það eftir.

Óhefðbundnir starfshættir Kvannaframboðs og Kvannalista eru kapituli í sjálfu sér. Nefndastarf og hópavinna, opnir fundir, grasrótarskipulag og útskiptaregla eru mörgum í fersku minni. Önnur einkenni (alla vega framan af) var að ræða hlutina ofan í kjöllinn til að fá ígrundaða og lýðræðislega niðurstöðu. Hugtakið samræðustjórnmál sem hefur heyrst undanfarin misseri kemur ósjálfrátt upp í hugann. Hugmyndafræðin, reynsluheimur kvenna, kvannamenning og þriðja víddin, virðist í upphafi hafa verið uppgjör bæði við marxisma og vinstri sósíalisma þess tíma, sem og áralanga stjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg, m.ö.o. vinstri stefna jafnt sem hægri pólitík horfðu fram hjá veruleika og reynslu kvenna. Áhersla hreyfingarinnar á hið jákvæða í reynslu og lífssýn kvenna, konur sem sterka garendur en ekki þolendur, var kjarninn sem tókst að sameina konur um.

Bók Kristínar fjallar um uppgangsár Kvannaframboðs og Kvannalista, meðan baráttuandinn og systralagið var slíkt að tombólur og kökubasarar dugðu nánast til fjáröflunar og peysufatasöngsveitir í rútuferðum hrifu með sér konur um allt land. Áhrifin eru óumdeild. Hreyfingin átti þátt í að auka hlut kvenna í stjórnmálum og styrkja þannig lýðræðið. Kvannalistakonur hófu opinbera umræðu um kvannapólitísk mál eins og kynferðisofbeldi sem legið hafði í þagnargildi, þær blésu glæðum í máttlausa velferðarumræðu og komu umhverfis- og friðarmálum á dagskrá. Þær hristu upp í hugmyndum um starfshætti og aðferðir í stjórnmálum og ekki síst juku þær sjálfstraust og sjálfsvitund íslenskra kvenna.

Margt hefði verið áhugavert að fá ítarlegri umfjöllun um, sérstaklega eftir að líða tók á. Kristín drepur á

afar áhugaverða umræðu sem er afstaða kvennanna til valdsins. Hreyfingin forðaðist hugtök eins og vald og forysta og í anda valddreifingar mátti engin ein vera of leiðandi eða of áberandi. Konurnar töluðu um „vald til að framkvæma hugmyndir en ekki vald yfir öðrum“ (bls. 13). Útskiptareglur virðast hafa tekið sinn toll og orðið hreyfingunni fjötur um fót, „reynslan fluttist ekki eins greiðlega á milli og vonir stóðu til“ (bls. 214). Ekki tíðkaðist að hafa metnað eða löngun til áhrifa og konurnar mættu til leiks til að styðja aðrar konur. „Það var ekki fyrr en síðar að konur fóru að láta slíkar óskir í ljós og fyrir sumum var það alla tíð feimnismál“ (bls. 71). Þetta er afar áhugavert í ljósi núverandi ríkisstjórnarmynsturs með tvær fyrrverandi kvennalistakonur í ráðherraembættum, þar af eina af frumherjunum.

Bókin spannar þann tíma sem hreyfingunni tekst að leysa innri ágreining nokkurn veginn stóráfallalaust. Formlegri rannsókn lýkur eftir stjórnarmyndunarviðræðurnar við Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk 1987 þegar Kvennalistinn lét brjóta á kröfunni um lögbindingu lágmarkslauna. Endalok Kvennalistans vekja margar áhugaverðar spurningar sem reifaðar eru í stuttum eftirmála um tímabilið til 1999, en þau ár voru þrátt fyrir allt helmingi fleiri en árin sem rannsóknin tekur til. Í heild er fjallað fullnákvæmlega um undirbúninginn og fyrstu árin og minna um „ósigrana“ og „vonbrigðin“ sem vísað er til í upphafi. Í eftirmálanum er lýst hvernig nýjabrumið hverfur og ágreiningsmálin verða erfiðari, sum hver harla sársaukafull. Hugmyndafræðin um reynsluheim kvenna og kvenleg siðferðisgildi sem voru styrkur í upphafi reyndust hreyfingunni erfið þegar á leið, að mati Kristínar, og hugmyndir um margbreytileika kvenna grófu undan kvennasamstöðunni. Þrátt fyrir vandaðan málflutning og afar frambærilegar þingkonur minnkar fylgið smám saman. Ljóst er að þátttaka Kvennalistans í R-listanum gekk að margra mati þvert á hugmyndafræðina um þriðju víddina. Það er áleitinn spurning hversu langt þriðja víddin nær þegar kemur að praktískri pólitík og völdum. Reyndist eftir allt ógerningur að taka sér stöðu utan hægri-vinstri skalans í stjórnámálum? Eða var Kvennalistinn alltaf meira félagshyggjuframboð en eitthvað annað, sbr. víðtækar velferðaráherslur, félagslegar lausnir, t.d. í húsnæðis- og heilbrigðismálum o.fl.? Og hvernig tengdist þetta allt afstöðunni til valds og forystu sem reyndist Kvennalistakonum svo erfiðt að höndla? Ekki er hægt að ætlast til að þessum spurningum sé svarað til hlítar í bókinni en gaman hefði verið að sjá þeim gerð ítarlegri skil. Það rýrir þó ekki gildi bókarinnar, hún er þrekvirkri sem mikill fengur er að.